



Jafnræði – bann við mismunun

Í tilefni þrjátíu ára afmælis Barnasáttmálans, nú á árinu 2019, hafa Barnaheill, UNICEF og umboðsmaður barna tekið höndum saman um að gera einstökum þáttum Barnasáttmálans skil með mánaðarlegum greinaskrifum. Við greinaskrifin er stuðst við almennar athugasemdir eða leiðbeiningar Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

2. grein Jafnræði – bann við mismunun

Barnasáttmálinn þjónar þeim tilgangi að veita börnum sérstaka vernd í ljósi viðkvæmrar stöðu þeirra og tryggir aðstoð sem þau kunna að þurfa á að halda. Barnasáttmálinn skilgreinir jafnframt þær forsendur sem þurfa að vera til staðar í samfélaginu svo að börn fái nauðsynlega umönnun með hliðsjón af aldri þeirra og þroska. Börn eru fjölbreyttur hópur og tryggir sáttmálinn þeim öllum víðtæka vernd og umönnun. Jafn réttur allra barna er ein af grunnstoðum Barnasáttmálans. Í annarri grein sáttmálans segir að öll börn eigi að hafa sömu möguleika „án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.“ Af því leiðir að ekki má mismuna barni á grundvelli þessara forsenda.

Jafnræðisreglan er jafnframt ein af grunnhugmyndum mannréttinda almennt. Meginreglan um bann við mismunun er til dæmis grundvallarregla í löggjöf Evrópusambandsins og regluna er að finna í helstu mannréttindasamningum, ásamt 65. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Sérstakir alþjóðasamningar hafa einnig verið gerðir til að berjast gegn mismunun gagnvart tilteknum hópum fólks, s.s. konum og fötluðu fólki. Hugtökin **mismunun** og **jafnræði** eru í raun nátengd. Mismunun er þegar brotið er gegn jafnræðisreglunni og að **mismuna** merkir að fara í manngreinarálit og koma ólíkt fram við börn sem eru í sömu stöðu, eða að meðhöndla ólík tilvik eins og þau séu eins. Þegar komið er fram á þennan hátt, án þess að hlutlægar eða málefnalegar ástæður liggi til grundvallar, þá er brotið gegn jafnræðisreglunni.

Innleiðing Barnasáttmálans snýst um að bæta umhverfi barna í heild. Til þess þarf að huga að almennri fræðslu til fullorðinna um efni sáttmálans og hvaða skyldur fullorðnir hafa gagnvart börnum samkvæmt sáttmálanum. Dæmi um hvernig fullorðnir sem vinna með börnum geta fylgt jafnræðisreglunni í sínu daglega starfi er að spyrja sig **hvernig** jafnræði meðal barna sé tryggt í raun. Þá er mikilvægt að líta til þess að reglur, viðhorf og viðmót fullorðinna endurspeglar jafnræðisregluna.